



## AÐALSKIPULAG ÁSAHREPPS 2010-2022

**Breyting á Selfosslínu 2, Lækjartúnslínu 2 og tengivirki í Lækjartúni 2**

**29.03.2019**



## SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

### SKJALALYKILL

2509-451-GRG-001-V01

### SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01/15

### VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Smári Jóhannsson

### VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Gísli Gíslason

### TITILL SKÝRSLU

Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022

### VERKHEITI

Breyting á Selfosslínu 2, Lækjartúnslínu 2 og tengivirki í Lækjartúni 2

### VERKKAUPI

Landsnet

### HÖFUNDUR

Guðrún Lára Sveinsdóttir, Gísli Gíslason

## ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Guðrún Lára Sveinsdóttir	06.07.18	Ingibjörg Sveinsdóttir	08.10.18		
02			Anna Bragadóttir	29.03.19	Ingibjörg Sveinsdóttir	29.03.19

## SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt í sveitarstjórn Ásahrepps \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá 19. sept. 2018 með athugasemdafresti til 3. okt. 2018.

Aðalskipulagstillagan var kynnt frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_.

Aðalskipulagstillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_.

Aðalskipulagstillagan var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda \_\_\_\_\_.

### SKIPULAGSGÖGN

Skipulagsupprættir

Greinargerð, forsendur og umhverfisskýrsla

### KORTAGRUNNAR

Loftmyndir frá Loftmyndum

Kortagrunnar: IS50v frá Landmælingum Íslands

Hnitakerfi: ISN93

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>6</b>
<b>2</b>	<b>FORSENDUR</b>	<b>6</b>
<b>2.1</b>	<b>Staðhættir og aðkoma</b>	<b>7</b>
2.1.1	Landslag	7
2.1.2	Gróður og vistgerðir	7
2.1.3	Jarðmyndanir	7
2.1.4	Fuglar	8
2.1.5	Vatnalíf	8
2.1.6	Minjar	8
2.1.7	Veitur	8
<b>2.2</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir</b>	<b>8</b>
<b>2.3</b>	<b>Landsskipulagsstefna 2015-2026</b>	<b>9</b>
<b>2.4</b>	<b>Gildandi aðalskipulag</b>	<b>9</b>
<b>3</b>	<b>BREYTING Á AÐALSKIPULAGI</b>	<b>9</b>
<b>3.1</b>	<b>Breyting á uppdrætti</b>	<b>10</b>
<b>3.2</b>	<b>Breyting á greinargerð</b>	<b>10</b>
<b>4</b>	<b>UMHVERFISSKÝRSLA</b>	<b>11</b>
<b>4.1</b>	<b>Vægi umhverfisáhrifa</b>	<b>11</b>
<b>4.2</b>	<b>Valkostir</b>	<b>12</b>
<b>5</b>	<b>MÁLSMÆÐFERÐ OG UMSAGNARÆDILAR</b>	<b>14</b>
<b>5.1</b>	<b>Landnotkun - heimild ráðuneytis</b>	<b>14</b>
<b>6</b>	<b>HEIMILDIR</b>	<b>15</b>

## TÖFLUYFIRLIT

<b>TAFLA 1.</b>	<b>Skilgreining á vægi áhrifa.</b>	<b>11</b>
<b>TAFLA 2.</b>	<b>Yfirlit yfir umhverfisþætti og matsspurningar.</b>	<b>12</b>
<b>TAFLA 3.</b>	<b>Umhverfisþættir sem aðalskipulagsbreytingin hefur áhrif á og samanburður valkosta.</b>	<b>13</b>

## 1 INNGANGUR

Um er að ræða breytingu á Aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022 var samþykkt í sveitarstjórn 21. september 2010 og staðfest af Skipulagsstofnun 28. október 2010. Breytingin er gerð vegna fyrirhugaðrar lagningar eystri hluta Selfosslínu 2 í jörð, meðfram Suðurlandsvegi nr. 1 og byggingar nýs tengivirkis í landi Lækjartúns 2 (landnr. 215415).

Fyrirhuguð framkvæmd er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar þar sem hún fellur undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, n.t.t. 6. gr. með vísun í 1. viðauka tl. 10:21, flokk B:

*Lagning áveitu- eða vatnstokka um langan veg; loftlínur til flutnings raforku á verndarsvæðum; lagning niðurgrafinna stengja/lagna 10 km eða lengri utan þéttbýlis eða óháð vegalengd á verndarsvæðum. Lagning stengja/lagna í vatni/sjó 10 km eða lengri eða óháð vegalengd á verndarsvæðum.*

## 2 FORSENDUR

Forsenda fyrirhugaðra framkvæmda er að nauðsynlegt er að styrkja raforkuflutningskerfi austan við Þjórsá og í Vestmannaeyjum, þar sem raforkuþörf á svæðinu hefur aukist á síðustu árum. Núverandi háspennulína frá tengivirki við Hellu að tengivirki við Selfoss er 66 kV loftlína sem tekin var í notkun árið 1947, en hana þarf að endurnýja. Til að styrkja raforkukerfið í Rangárvallasýslu er fyrirhugað að byggja 220 kV tengivirki í landi Lækjartúns 2 í Ásahreppi, norðan Suðurlandsvegur. Einnig er fyrirhugað að leggja 132 kV jarðstreng, Lækjartúnslínu 2, meðfram Suðurlandsvegi frá tengivirkinu og að Hellu. Leysir hann Selfosslínu 2 af hólmi frá Lækjartúni 2 og til austurs og verður sá hluti línunnar tekinn niður. Eftirstandandi hluti Selfosslínu 2 verður einnig tengdur við tengivirkið með jarðstreng. Búrfellslína 2 verður tengd í tengivirkið og rafmagni veitt frá henni inn á jarðstrenginn. Staðsetning tengivirkisins er valin með tilliti til þess að vera nálægt bæði Búrfellslínu 2 og Selfosslínu 2, auk þess sem aðgengi er auðvelt.

Megin markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að gera ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði í landi Lækjartúns þar sem tengivirkið verður staðsett. Staðsetning jarðstrengs frá tengivirki að sveitarfélagamörkum verður sýnd á skipulagsuppdrætti. Þá verður Selfosslína 2 tekin út af skipulagsuppdrætti að stærstu leyti. Unnið verður deiliskipulag fyrir tengivirkið þar sem settir verða frekari skilmálar um framkvæmdina, þ.m.t. um frágang svæðis og útlit mannvirkja.

Í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028, sem er í staðfestingarferli, er Selfosslína 2 felld út og gert ráð fyrir Lækjartúnslínu 2.

Á næstu árum er gert ráð fyrir að Selfosslína 2, frá Lækjartúni á Selfoss, verði tekin niður og settur jarðstrengur í staðinn.

## 2.1 Staðhættir og aðkoma

Lækjartún 2 er skammt austan við Þjórsá. Fyrirhugað iðnaðarsvæði, 17, verður um 200 m norðan við Suðurlandsveg, austan í svonefndri Lónsheiði. Tengivirkið verður í um 75 m hæð yfir sjó. Svæðið hallar til austurs og suðausturs, er gróið mólendi og hefur verið nýtt til beitar. Búrfellslína 2, 220kV, liggur um svæðið og helgunarsvæði hennar er 65 – 85 m. Tengivirkið verður innan helgunarsvæðisins.

Gert er ráð fyrir að núverandi slóði verði nýttur sem aðkomuvegur fyrir iðnaðarsvæðið, en hann er um 230 m austan við Kálfholtsgveg nr. 288.

Leið jarðstrengsins liggur frá tengivirkinu að Suðurlandsvegi og svo meðfram honum til austurs að sveitarfélagamörkum, um 10 km leið. Einnig verður lagður jarðstrengur frá austurenda eftirstandandi Selfosslínu 2, mastri nr. 198, og að tengivirkinu.

### 2.1.1 Landslag

Lagnaleið jarðstrengs liggur að mestu leyti meðfram Suðurlandsvegi en þar eru flatlend svæði með ávölum hæðum og ásum. Einn brúaður lækur er á lagnaleiðinni, Steinslækur. Landið er víðast hvar vel gróið. Sá hluti Selfosslínu 2 sem verður tekin niður liggur um sambærilegt svæði.

Tengivirkið verður byggt austan í svo kallaðri Lónsheiði, landið hallar til austurs og suðausturs, er gróið mólendi og nýtt til beitar.

### 2.1.2 Gróður og vistgerðir

Lagnaleiðin mun liggja sunnan Suðurlandsvegur en þar hefur jarðvegi og gróðri þegar verið raskað á meirihluta leiðarinnar, vegna vegagerðar og annarra lagna.

Landið er að mestu gróið en að hluta raskað næst Suðurlandsvegi. Samkvæmt vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands eru eftirfarandi vistgerðir á lagnaleiðinni algengastar; graslendi, mólendi, moslendi, melar- og sandlendi, votlendi og tún og akurlendi<sup>1</sup>. Á lagnaleið eru ekki vistgerðir sem njóta verndar.

### 2.1.3 Jarðmyndanir

Berggrunnur á svæðinu er grágrýti, en ofan á þeirri myndun eru allmiklir sandar sem mynduðust fyrir tilstilli jökla, fallvatna og sjávar í lok síðustu ísaldar. Í árbotni Steinslækjar er sandsteinsklöpp og í Hárlaugsstaðabrekku er grágrýtis- og sandsteinsklöpp. Á þessum stöðum er helst að vænta varanlegra áhrifa á jarðmyndanir.

---

<sup>1</sup> (Jón Gunnar Ottósson, o.fl. 2016).

#### 2.1.4 Fuglar

Á Suðurlandsundirlendinu er fjölbreytt fána fuglategunda, bæði stað og farfuglar og þar dvelja fuglar í hópum vor og haust auk þess sem þar er auðugt fuglalíf á veturnum<sup>2</sup>. Í mólendi eru þúfuttlingur, spói og heiðlóa algengustu tegundirnar en rjúpa verpir þar einnig. Á melum og öðrum lítt grónum svæðum verpa sandlóa, tjaldur og jafnvel kjói. Á votlendari svæðum eru lóupræll, hrossagaukur, stelkur, óðinshani og jaðrakan algengastir auk ýmissa andfugla<sup>3</sup>. Vegsvæðið og fyrirhugað framkvæmdasvæði telst vart mikilvægt búsvæði þessara fuglategund, einkum vegna nálægðar við veg.

#### 2.1.5 Vatnalíf

Steinslækur er á lagnaleið jarðstrengsins og verður hann lagður ofan í árfarveginn. Steinslækur rennur í Þjórsá og sýna rannsóknir að sjógengir fiskar gangi upp að fossi neðan Hestheima. Í rannsóknnum hafa fundist laxa- og urriðaseiði auk hornsíla. Engar upplýsingar liggja fyrir um veiði en vitað er að áður fyrr var stunduð sjóbirtingsveiði<sup>4</sup>. Steinslækur er hluti af Veiðifélagi Þjórsár en skv. munnlegum upplýsingum frá formanni veiðifélagsins eru ekki seld veiðileyfi í hann og ekki til tölur um veiði.

#### 2.1.6 Minjar

Aðalskráningu fornminja í Ásahreppi er lokið. Samkvæmt skráningunni eru minjar í Áshól (RA366-021) einna næst strengleiddinni. Minjarnar eru í 25 m fjarlægð og ættu ekki að vera í hættu vegna framkvæmda.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, skal hafa samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi framkvæmdum áfram og með hvaða skilmálum.

#### 2.1.7 Veitur

Meðfram Suðurlandsvegi eru ýmsar lagnir s.s. ljósleiðari.

## 2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Við vinnslu þessarar breytingar hefur verið horft til eftirfarandi áætlana:

---

<sup>2</sup> (Kristinn Haukur Skarphéðinsson, o.fl. 2016).

<sup>3</sup> (Einar Ó. Þorleifsson, Jóhann Óli Hilmarsson 2001).

<sup>4</sup> (Benóný Jónsson, o.fl. 2017).

## 2.3 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Eftirfarandi kemur fram í stefnunni og verður horft til þess við gerð aðalskipulagsbreytingarinnar:

*„2.5.1. Orkunýting og raforkuflutningur í skipulagsáætlunum.*

*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafla, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvæðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem valdi sem minnstu neikvæðum umhverfisáhrifum.“*

## 2.4 Gildandi aðalskipulag

Í gildandi Aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 er sett fram stefna um „að öll byggð njóti raftengingar á sem hagstæðustu verði.“

Einnig segir í aðalskipulaginu um iðnaðarsvæði:

*„Á iðnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, s.s. fiskeldisstöðvar, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, verksmiðjur og virkjanir. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.“*

Í stefnu fyrir iðnaðarsvæði segir m.a.: „Unnið verði að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð á svæðinu.“ Þá er nýtingarhlutfall á iðnaðarlóðum 0,1 eða lægra.

## 3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Aðalskipulagsbreytingin tekur til breytinga í greinargerð og á skipulagsuppdrætti fyrir byggðina. Breyting felst í því að breyta landnotkun úr landbúnaðarlandi í iðnaðarsvæði, setja inn lagnaleið jarðstrengs meðfram Suðurlandsvegi og fella út Selfosslínu 2 frá Lækjartúni 2 og að sveitarfélagamörkum við Rangárþing ytra.

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir m.a. um iðnaðarsvæði: „Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.“



### 3.1 Breyting á uppdrætti

Gerð er breyting á skipulagsuppdrætti fyrir byggðina:

Á uppdrætti er iðnaðarsvæði afmarkað og fær númerið 17. Svæðið er um 0,5 ha og er í landi Lækjartúns 2. Gert er ráð fyrir byggingu tengivirkis. Einnig verður Selfosslína 2 tekin út af uppdrætti frá Lækjartúni 2 og að sveitarfélagamörkum við Rangárþing ytra og lagnaleið jarðstrengs sýnd meðfram Suðurlandsvegi, gegnum allt sveitarfélagið. Einnig verður sýndur jarðstrengur frá Selfosslínu 2, mastri nr. 198 í landi Lækjartúns, að tengivirki.

### 3.2 Breyting á greinargerð

Í kafla 4.2.4 um iðnaðarsvæði verður bætt inn um fjöllum um iðnaðarsvæðið 17.

NR	NAFN	LÝSING	JÖRÐ
17	Tengivirki í landi Lækjartúns 2	Heimilt er að byggja 220 kV tengivirki, allt að 600 m <sup>2</sup> að stærð. Byggingar skulu felldar að landi eftir því sem hægt er. Efnisval skal vera vandað og litaval taka mið af umhverfinu. Stærð svæðis er um 0,5 ha.	Lækjartún 2

Í gildandi aðalskipulagi er eftirfarandi texti um Selfosslínu 2, í kafla 4.3.6 Rafveita:

*„Selfosslína 2, 66 kV, liggur frá tengivirki á Hvolsvelli til vesturs meðfram Suðurlandsvegi að tengivirki á Selfossi. Línan er í eigu Landsnets“.*

Texti í breyttu aðalskipulagi verður eftirfarandi:

*„Selfosslína 2, 66 kV, liggur frá tengivirki á Selfossi að mastri nr. 198 í landi Lækjartúns 2. Þaðan liggur jarðstrengur að tengivirki í landi Lækjartúns 2, norðan Suðurlandsvegur. Selfosslína 2 er víkjandi. Jarðstrengur frá Selfosslínu 2 í tengivirkið er víkjandi þegar Selfosslína 2 hefur öll verið tekin niður“.*

Í kafla 4.3.6 um Rafveitu er bætt inn eftirfarandi um fjöllum um Lækjartúnslínu 2:

*„Lækjartúnslína 2 er 132 kV. Hún liggur frá tengivirki á Hellu með Suðurlandsvegi til vesturs, að tengivirki í landi Lækjartúns 2. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að Selfosslína 2 verði sett í jörð frá tengivirki í Lækjartúni 2 og á Selfoss. Línan er sýnd á uppdrætti frá tengivirkinu, sunnan Suðurlandsvegur að sveitarfélagamörkum í Þjórsá. Að framkvæmdum loknum skal land fært í fyrra horf og sáð í sárið þar sem þess þarf“.*

## 4 UMHVERFISSKÝRSLA

Umhverfisskýrsla þessi er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Gerð er grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af breyttri stefnu aðalskipulagsins. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, liður 10.21 og 13.02 í 1. viðauka laganna. Úrskurður Skipulagsstofnunar er dagsettur 10. apríl 2019. Niðurstaða stofnunarinnar er að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### 4.1 Vægi umhverfisáhrifa

Skilgreining á vægi umhverfisáhrifa eru sett fram til að hægt sé að leggja mat á umhverfisáhrif áætlunarinnar. Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „*Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.*“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

TAFLA 1. Skilgreining á vægi áhrifa.

FLOKKUR	SKÝRING
Jákvæð áhrif (+)	Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin eða ávinningurinn sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og getur verið staðbundin en er yfirleitt á svæðis-, lands-, eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Óveruleg áhrif (<>)	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og í einhverjum tilvikum afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin áhrif (0)	Áhrif framkvæmdar á umhverfisþátt verða engin eða lítil.
Neikvæð áhrif (-)	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekna umhverfisþátta/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða á lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarkana stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óviss áhrif (?)	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. Áhrifin geta verið háð útfærslu.

Í skipulagslýsingunni voru eftirfarandi umhverfisþættir og matsspurningar settar fram. Bætt var við einum umhverfisþætti; landnotkun. Við mat á umhverfisáhrifum eru þessir matsþættir undir og leitast við að svara matsspurningunum til að meta möguleg áhrif með ákveðin viðmið í tilteknum lögum, reglugerðum og öðrum skjölum sem við á.

**TAFLA 2.** Yfirlit yfir umhverfisþætti og matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur breytingin áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Landskipulagsstefna 2015-2026.
Gróður og dýralíf	Hefur breytingin áhrif á gróður og dýralíf?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61 og 62. gr.
Ásýnd og landslag	Hefur breytingin áhrif á ásýnd svæða? Hefur breytingin áhrif á landslag? Hefur breytingin sjónræn áhrif?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 69. gr. Landskipulagsstefna 2015-2026.
Landnotkun	Hefur breytingin áhrif á verndarsvæði? Hefur breytingin áhrif á notkun svæða til landbúnaðar?	Stefna í aðalskipulagi.
Samfélag	Hefur breytingin áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu?	Stefna um landnotkun í aðalskipulagi. Landskipulagsstefna 2015-2026.
Minjar	Hefur breytingin áhrif á fornminjar? Hefur breytingin áhrif á náttúruminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Aðalskráning fornleifa. Landskipulagsstefna 2015-2026.
Náttúruvá og öryggi	Er náttúruvá á svæðinu? Hefur breytingin áhrif á tengingar við megin vegi út frá umferðaröryggi? Hefur breytingin áhrif á afhendingaröryggi raforku?	Saga svæðisins varðandi flóð og jarðskjálfta. Vegalög nr. 80/2007. Raforkulög nr. 65/2003.

## 4.2 Valkostir

Eftirfarandi valkostir eru bornir saman:

**Breytt skipulag:** Gert er ráð fyrir byggingu tengivirkis, lagningu jarðstrengs og að núverandi lína verði tekin niður.

**Núll kostur:** Ekki verður byggt tengivirki og núverandi lína verður notuð áfram.

**TAFLA 3.** Umhverfisþættir sem aðalskipulagsbreytingin hefur áhrif á og samanburður valkosta.

VALKOSTIR	JARÐMYNDANIR	GRÓÐUR OG DÝRALÍF	ÁSÝND OG LANDSLAG	LANDNOTKUN	SAMFÉLAG	MINJAR	NÁTTÚRUVÁ OG ÖRYGGI
<b>Núll kostur</b> Núverandi lína verður notuð áfram og ekki verður byggt tengivirki.	Engin áhrif.	Óveruleg áhrif. Einhver áflugshætta fyrir fugla.	Neikvæð áhrif. Núverandi raflína er sýnileg og hefur áhrif á ásýnd svæða.	Neikvæð áhrif. Raflínan liggur víða um beitolönd og ræktað land. Helgunarsvæði línunnar hefur takmarkandi áhrif á ýmsa landnotkun.	Neikvæð áhrif. Getur hamlað atvinnuuppbyggingu ef ekki er næg raforka.	Engin áhrif.	Neikvæð áhrif. Raflína getur orðið fyrir áhrifum af náttúruhamförum s.s. óveðri. Afhendingaröryggi raforku verður óbreytt.
<b>Breytt skipulag</b> Iðnaðarsvæði fyrir tengivirki í landi Lækjartúns II.	Engin áhrif. Engar þekktar jarðmyndanir sem njóta verndar.	Óveruleg áhrif. Gróið land undir tengivirki og vegi raskast. Þar sem um lítið svæði er að ræða eru áhrifin metin óveruleg.	Neikvæð áhrif. Ásýnd frá takmörkuðu svæði á Suðurlandsvegi.	Óveruleg áhrif. Um 0,5 ha svæði verður nýtt fyrir iðnað í stað landbúnaðar. Engin verndarsvæði skv. aðalskipulagi.	Óveruleg áhrif. Eflir atvinnu á byggingartíma.	Engin áhrif. Engar þekktar minjar eru á svæðinu.	Jákvæð áhrif. Afhendingaröryggi raforku batnar. Óveruleg áhrif vegna nýrrar tengingar við Suðurlandsveg.
Jarðstrengur lagður meðfram Suðurlandsvegi og frá Selfosslínu 2 að tengivirki. Núverandi raflína tekin niður frá Lækjartúni 2 að sveitarfélagamörkuðum.	Óviss áhrif. Hugsanlega varanleg áhrif á jarðmyndanir í Hárlaugsstaðabrekku og Steinslæk.	Engin áhrif. Strengleið meðfram Suðurlandsvegi er á þegar röskuðu svæði. Strengleið frá Selfosslínu 2 og að tengivirki fylgir Kálfholtssvegi.	Jákvæð áhrif. Núverandi raflína verður tekin niður.	Jákvæð áhrif. Land innan helgunarsvæðis núverandi raflínu verður aftur nýtingarhæft s.s. til bygginga.	Óveruleg áhrif. Skapar atvinnu á framkvæmdatíma.	Engin áhrif. Engar þekktar minjar eru á svæðinu.	Jákvæð áhrif. Afhendingaröryggi raforku batnar.

## Niðurstaða

Brýnt er að vinna áfram að styrkingu raforkukerfis í Rangárvallasýslu og í Vestmannaeyjum og er fyrirhugað að byggja 220 kV tengivirki í landi Lækjartúns 2, sem tengist Búrfellslínu 2. Raforku verður veitt frá Búrfellslínu 2 inn á jarðstrenginn. Einnig er áætlað að leggja 132 kV jarðstreng, Lækjartúnslínu 2, frá tengivirkinu meðfram Suðurlandsvegi til Hellu og mun strengurinn leysa hluta af Selfosslínu 2 af hólmi. Með þessum framkvæmdum mun afhendingaröryggi batna fyrir svæðiskerfið á austurhluta Suðurlands, þar sem til verður nýr innmötunarstaður raforku í Lækjartúni 2, en fyrir er innmötun á svæðiskerfið frá Búrfelli.

Svæðið sem fyrirhugað tengivirki verður á er ekki innan verndarsvæða og ekki er um að ræða viðkvæm eða sjaldgæf gróðurlendi og dýralíf sem þörf er á að vernda. Tengivirki verður byggt austan í hæð og því verður unnt að fella það að landi, að einhverju leyti. Til að draga enn frekar úr ásýnd þess skal setja skilmála um vandaða hönnun, efnisval og litaval á mannvirkjum í deiliskipulagi. Svæðið er ekki á skilgreindu svæði vegna náttúruvár. Aðkomuvegur verður um núverandi veg sem nýttur hefur verið vegna landbúnaðar en gerðar verða endurbætur á honum.

Strengleiðin liggur meðfram Suðurlandsvegi og er á röskuðu svæði svo áhrif á umhverfisþætti eru talin verða óveruleg eða engin. Sett eru skilyrði um að land verði fært í fyrra horf og sáð í að framkvæmdum loknum þar sem við á.

## 5 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

Skipulags- og matslýsing vegna aðalskipulagsbreytingarinnar var auglýst frá 19. september til 3. október 2018.

Umsagnaraðilar við aðalskipulagsbreytinguna eru: Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Rangárþing ytra og Flóahreppur.

Á vinnslutíma tillögunnar hefur verið fundað með öllum landeigendum sem breytingin snertir. Einnig var samráð við Vegagerðina vegna vegar að tengivirkinu. Óformlegt samráð var haft við Flóahrepp vegna tengingar Lækjartúnslínu á Selfoss til framtíðar litið.

### 5.1 Landnotkun - heimild ráðuneytis

Við undirbúning framkvæmdar var leitað til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna breytinga á landnotkun. Ráðuneytið sendi bréf til sveitarfélags þar sem heimilað er að taka svæðið úr landbúnaðar-notum, með vísan til 6. gr. jarðalaga nr. 81/2014.

## 6 HEIMILDIR

Benóný Jónsson, Magnús Jóhannsson. 2008. „Fiskrannsóknir í Steinslæk 2008“. VMST/08032. Veiðimálastofnun Suðurlandsdeild.  
[https://www.landsvirkjun.is/Media/fiskrannsoknir\\_i\\_Steinslaek\\_2008.pdf](https://www.landsvirkjun.is/Media/fiskrannsoknir_i_Steinslaek_2008.pdf).

Einar Ó. Þorleifsson, Jóhann Óli Hilmarsson. 2001. „Náttúruverndarstaðir á láglandi Rangárvallasýslu vestan Eystri-Rangár.“

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir ritstjórar. 2016. „Vistgerðir á Íslandi“. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage. 2016. „Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi“. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson. 2017. „Fiskirannsóknir á vatnasvæði Þjorsár árið 2016“. LV-2017–045. Landsvirkjun. <https://www.landsvirkjun.is/Media/fiskrannsoknir-a-vatnasvaedi-thjorsar-arid-20164.pdf>.